



LÁNAMÁL RÍKISINS

Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604
netfang: lanamal@lanamal.is
veffang: <http://www.lanamal.is>

Fréttatilkynning

30. júní 2022

Ársfjórðungsáætlun í lánamálum ríkissjóðs

Þriðji ársfjórðungur 2022

- Á þriðja ársfjórðungi verða boðin til sölu ríkisbréf í markflokkum fyrir **20-30 ma.kr.** að söluvirði¹.
- Flokkar sem mögulega verða boðnir út eru allir markflokkar ríkisbréfa og munu markaðsaðstæður ráða því hvort og þá hversu mikið verður selt í hverjum flokki.

Inngangur

Í ársáætlun frá Lánamálum ríkisins fyrir árið 2022 var tilkynnt að útgáfa ríkisbréfa yrði 160 ma.kr. að söluvirði á árinu. Útgáfa á fyrstu 6 mánuðum ársins nam 116,6 ma.kr. að söluvirði.

Fyrirhuguð útgáfa ríkisbréfa

Heildarútgáfa ríkisbréfa á þriðja ársfjórðungi er áætluð á bilinu **20-30 ma.kr.** Líkt og í síðustu ársfjórðungsáætlunum verður áætluð hámarksútgáfa í einstökum flokkum ekki birt enda mikilvægt að ríkissjóður hafi svigrúm til að ákvarða útgáfu á milli flokka eftir markaðsaðstæðum hverju sinni.

Uppkaup – skiptiútboð

Framhald verður á uppkaupum á RIKB 22 1026 og til greina kemur að vera með skiptiútboð á flokknum. Ávöxtunarkjör, þátttaka og aðstæður á markaði munu ráða því hvort og þá hvaða markflokkar verða boðnir út í skiptiútboðum og hversu mikið verður selt með þeim hætti.

Fyrirhuguð útgáfa ríkisvixla

Sveigjanleiki í vixlaútgáfu er mikilvægur og til greina kemur að bæta við útboðum á ríkisvixlum umfram það sem fram kemur í útgáfudagatali Lánamála.

¹ Með söluvirði er átt við hreint verð (clean price) með áföllnum verðbótum á höfuðstól þ.e. verð með verðbótum án áfallinna vaxta.



LÁNAMÁL RÍKISINS

Frekari upplýsingar um útgáfur einstakra flokka ríkisbréfa og ríkisvixla verða birtar tveimur virkum dögum fyrir hvert útboð.

Nánari upplýsingar veitir Björgvin Sighvatsson forstöðumaður Lánamála ríkisins í síma 569 9600.